

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Ögmundi Jónassyni og Dýrleifu Skjöldal.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við 08-206 Sjúkratryggingar			
1.36 Tannlækningar, forvarnaátak	0,0	70,0	70,0
2. Við 08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri			
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.117,0	80,0	4.197,0
3. Við 08-373 Landspítali			
1.01 Landspítali	35.021,5	600,0	35.621,5
<i>Greitt úr ríkissjóði</i>	<i>33.109,5</i>	<i>600,0</i>	<i>33.709,5</i>
4. Við 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
a. 1.11 Efling sérfræðisþjónustu	0,0	100,0	100,0
b. 1.12 Efling geðheilbrigðisþjónustu	0,0	50,0	50,0
5. Við 08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.652,3	400,0	5.052,3
6. Við 08-700 Heilbrigðisstofnanir			
1.05 Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	0,0	100,0	100,0
7. Við 08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands			
a. 1.02 Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur, óskipt	0,0	210,0	210,0
b. 1.22 Framkvæmdir vegna öldrunarþjónustu, undirbúningur	0,0	50,0	50,0

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa fjárframlög til Landspítalans ekki verið í neinum takti við þróun íbúafjölda, fjölda aldraðra og þróun sjúkdóma og alltof langt hefur verið gengið í niðurskurði útgjalda í rekstri spítalans. Vaxandi kröfum um aukna heilbrigðisþjónustu er ekki hægt að mæta enn og aftur með niðurskurði eða breyttum rekstrarformum heldur þarf að auka fjárframlög í takt við aukna eftirspurn eftir þjónustu. Hér er því lagt til hækkað framlag til Landspítalans um 600 m.kr. Auk þess er lagt til að sjúkrahúsið á Akureyri fái hækkað framlag að fjárhæð 80 m.kr.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu er langstærsta stofnun sinnar tegundar á landinu og þjónar alls 191.725 íbúum, en alls eru um 8.500 manns á þessu svæði án heimilislækna. Hér er lagt til að veitt verði samtals 400 m.kr. aukalega til heilsugæslu höfuðborgarinnar á næsta ári, en mikil þörf er á bættri þjónustu enda hefur gríðarleg fjölgun íbúa átt sér stað á svæðinu og íbúasamsetning hefur gjörbreyst. Ef ekkert er að gert stefnir í frekari niðurskurð á þjónustu í stað uppbyggingar.

Lagt er til að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni fái 100 m.kr. til uppbyggingar á starfseminni og sérstaklega er lagt til hækkað framlag um 210 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Stofnunin hefur glímt við stórfelld vandræði í mönnun og aðstöðuleysi og álag hefur margfaldast með þensluástandinu fjórðungnum. Gert er ráð fyrir að 50 m.kr. komi til móts við skertar sértekjur hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.